Nd. 452. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 52 28. nóv. 1919 og á lögum nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Í stað orðanna „með stöð í Öngulsstaðahreppi“ í lögum nr. 52 28. nóv. 1919 kemur: með tveim stöðvum í Öngulsstaðahreppi.

Aftan við orðin „Skjöldólfsstöðum í Jökuldal“ í 1. gr. laga nr. 38 14. júní 1929 kemur: með hliðarálmu um Rangá að Heykollsstöðum.

Í stað orðanna „frá Sandeyri .... að Höfða í Grunnavíkurhreppi“ í sömu lagagrein kemur: frá Sandeyri um Stað í Grunnavík að Hesteyri, og frá Stað í Grunnavík um Höfða að Furufirði.

Í stað orðanna „Lína frá Egilsstöðum .... að Birnufelli“ í niðurlagi sömu lagagreinar kemur: Lína frá Egilsstöðum á Völlum að Skeggjastöðum í Fellum.

Aftan við sömu lagagrein bætist: Lína að Valþjófsstað í Fljótsdal. Lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur. Lína frá Geirólfsstöðum í Skriðdal að Arnhólsstöðum. Lína frá Hemlu í Vestur-Landeyjum að Álfhólum í sömu sveit. Lína frá Setbergi við Grundarfjörð að Hallbjarnareyri. Lína frá Bugðustöðum í Hörðudal að Hlíð eða Seljalandi. Lína frá Tjaldanesi í Saurbæ að Staðarhóli. Lína norður Bala að Eyjum við Bjarnarfjörð. Lína frá Silfrastöðum um Flatatungu að Gilsbakka. Lína frá Sauðárkróki um Reykjaströnd að Reykjum.